

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu.

Jón L. Arnalds borgardómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá dómi. Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 21. desember 1987.

Nr. 125/1987. **Kristveig Ósk Jónsdóttir**

(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

gegn

Samvinnutryggingum g.t. og

Jónatan Jónatanssyni

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabótaskylda. Vátrygging. Sakarefni skipt.
Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 10. apríl 1987. Dómkröfur hans eru þær, að viðurkennt verði með dómi, að stefndu beri in solidum að bæta áfrýjanda allt tjón og miska, er hann varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda.

I.

Þegar árekstur sá varð, sem málið er risið af, var bifreiðin G-16969 á röngum vegarhellingi vegna þess að ökumaðurinn, stefndi Jónatan, hafði misst vald á henni. Ekki þykir komið fram, að þetta hafi stafað af öðru en því að bifreiðinni hafi ekki verið ekið svo varlega sem aðstæður kröfðust. Athúgast í því sambandi að í skýrslu bifreiðaeftirlitsmanns, sem skoðaði flak bifreiðarinnar, er þess ekki getið að hjólbarði á bifreiðinni hafi verið sprunginn og ummæli áfrýjanda um þetta í lögregluskýrslu virðast styðjast við frásögn Jónatans. Á stefndi Jónatan samkvæmt þessu sök á slysinu og er fébótaskyldur gagnvart áfrýjanda, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Þykja ekki efni til að fella niður þá fébótaábyrgð hans vegna vanbúnaðar bifreiðarinnar, svo sem stefndu krefjast, eins og gögnum er háttað um það atriði og um skipti aðilja.

II.

Áfrýjandi og stefndi Jónatan voru sameigendur að bifreiðinni G-16969. Verður eftir málflutningi að miða við að þau hafi átt bifreiðina að jöfnu og að þau hafi sem eigendur hennar keypt hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. í þessum hlutföllum hina lögboðnu ábyrgðartryggingu samkvæmt 70. gr. umferðarlaga. Skilmálar um váttrygginguna hafa ekki verið lagðir fram í málinu. Er því ekki haldið fram að í þeim séu ákvæði sem sérstaklega skipti máli við úrlausn þessa máls.

Þar sem stefndi Jónatan bar samkvæmt framansögðu fébótaábyrgð á tjóni áfrýjanda og hafði ennfremur keypt ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. að tiltölu við eignarhlutdeild sína í bifreiðinni, svo sem sagt var, þykir þessum stefnda sem váttryggjanda vera skylt að því marki að bæta áfrýjanda tjón hennar ásamt stefnda Jónatan, sbr. 74. gr. 2. mgr. umferðarlaga. Þykir mega taka kröfur áfrýjanda á hendur Samvinnutryggingum g.t. til greina í þessu horfi þótt áfrýjandi hafi ekki gert um það sérstaka varakröfu, þar sem þetta mátti þó ráða af málflutningi hans.

III.

Samkvæmt framansögðu verður stefnda Jónatan og stefndu Samvinnutryggingum g.t. dæmt skylt að bæta áfrýjanda tjón

hennar óskipt að hálfu en stefnda Jónatan einum að bæta henni hinn helming tjónsins.

Rétt er að stefndu greiði áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti og ákveðst hann 50.000,00 krónur.

D ó m s o r ð :

Stefndu, Jónatan Jónatansson og Samvinnutryggingar g.t., eru fébótaskyldir óskipt að hálfu en stefndi Jónatan einn að hálfu gagnvart áfrýjanda, Kristveigu Ósk Jónsdóttur, vegna fjártjóns hennar og miska af meiðslum er hún hlaut við bifreiðaárekstur þann sem í málinu greinir hinn 26. desember 1983.

Stefndu greiði áfrýjanda 50.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

**hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og
Hrafns Bragasonar.**

Áfrýjandi og stefndi Jónatan voru sameigendur að bifreiðinni G-16969.

Stefndi Jónatan hefir borið, að engin hálka hafi verið, er þau lögðu af stað frá Keflavík til Hafnarfjarðar, en eftir að billinn var nýkominn úr Hvassahrauni hafi hálka verið komin á brautina. Áfrýjandi bar að nokkur hálka hafi verið á Reykjanesbrautinni.

Hafsteinn Gunnar Karlsson er ók bifreið norður Reykjanesbrautina á sama tíma og varð vitni að slysinu, hefir borið, að fljúgandi hálka hafi verið á slyssað.

Stefndi Jónatan kveðst, í umrætt sinn, hafa ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Áfrýjandi taldi hraða bifreiðarinnar hafa verið 50 - 60 km. Vitnið, Hafsteinn Gunnar Karlsson, er ók á undan stefnda Jónatan fyrir slysið, kveðst hafa ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund.

Er slysið vildi til var myrkur, hálka, ísing og rok. Telja verður það gálaust af stefnda Jónatan, eins og aðstæðum var háttað, að hætta á framúrakstur. Við framúraksturinn missti Jónatan stjórn á bifreiðinni þannig, að hún tók að rása til á veginum, þar til hún

lenti á öfugum vegarhelmingi og olli þeim árekstrum, sem lýst er í héraðsdómi. Verður því að telja að stefndi Jónatan hafi átt sök á slysinu með ökulagi sínu, enda er ósannað, að slysið verði rakið til þess að sprungið hafi á bifreiðinni. Samkvæmt 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga ber stefndi Jónatan fébótaábyrgð á slysi þessu eftir almennum skaðabótareglum. Bifreiðina G-16969 höfðu áfrýjandi og stefndi Jónatan vátryggt sameiginlega hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t og voru því bæði vátryggð. Samkvæmt 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga skal með vátryggingu þessari tryggð greiðsla, að því leyti sem til hrekkur, á hverri þeirri bótakröfu, sem falla kann á þann, er ábyrgð ber á tjóni samkvæmt umferðarlögunum eða almennum skaðabótareglum. Stefndi Jónatan var hér vátryggður vegna þess tjóns er hann olli öðrum, þar á meðal sameiganda sínum, sem var farþegi í bifreiðinni. Ber því samkvæmt framansögðu, sbr. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga, að taka dómkröfur áfrýjanda til greina og viðurkenna, að stefndu beri in solidum að bæta áfrýjanda allt tjón og miska, er hún varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Eftir þessum málalokum verða stefndu dæmdir til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 64.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31. mars 1987.

Mál þetta var höfðað með þingfestingu þess 29. janúar 1987.

Stefnandi er Kristveig Ósk Jónsdóttir, nnr. 5972-3405, Viðivangi 1, Hafnarfirði.

Stefndu eru Samvinnutryggingar g.t., nnr. 7479-4203, Ármúla 3, Reykjavík og Jónatan Jónatansson, nnr. 5280-9428, Viðivangi 1, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði in solidum dæmdir til þess að greiða henni skaða- og miskabætur að fjárhæð kr. 1.500.000,00 með 25% ársvöxtum frá 26. desember 1983 til 21. janúar 1984, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1985, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en með 48% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1985, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1985, en með 45% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1986, en með 33% ársvöxtum frá þeim degi til 1. apríl 1986, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ. Í dómsorði verði kveðið á um að áfallnir vextir skuli bætast við þann höfuðstól, sem vextir reiknast af, í fyrsta sinn 1. janúar 1985 og síðan á 12 mánaða fresti 1. janúar ár hvert.

Dómkröfur stefndu eru þær að þeim verði dæmd sýkna af dómkröfum stefnanda og málskostnaður úr hennar hendi að mati dómara.

Kröfur stefnanda um að stefndu greiði henni skaða- og miskabætur byggjast á því að hún var farþegi í bifreiðinni G-16969 er bifreiðin undir stjórn stefnda Jónatans lenti í árekstri og síðan utan vegar 26. desember 1983. Bifreiðin var tryggð ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. Stefndandi telur sig hafa orðið fyrir örorkutjóni og miska sem stefndu beri að bæta.

Í þinghaldi í máli þessu 27. febrúar sl. ákvað dómariinn að ósk lögmanna aðila og á grundvelli 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936 að málið skyldi fyrst flutt um skaðabótaskyldu stefndu, en annað sakarefni biði niðurstöðu í þessum þætti málsins.

Málflutningur um skaðabótaskyldu stefndu fór fram 12. mars sl. og var málið dómtekið um það sakarefni að málflutningnum loknum.

Í þessum þætti málsins gerði stefndandi þá dómkröfu að viðurkennt yrði með dómi að stefndu bæri in solidum að bæta stefnanda allt tjón hennar og miska er hún hefði orðið fyrir í umferðarsýslu 26. desember 1983.

Stefndandi gerði ekki kröfu um að málskostnaður yrði dæmdur henni í þessum þætti málsins en áskildi sér að gera þá kröfu síðar.

Stefndu gerðu þá kröfu að þeir yrðu sýknaðir af kröfum stefnanda og hún yrði dæmd til að greiða þeim málskostnað.

I.

Málavextir.

Nánari atvik framangreinds umferðarslyss eru þau sem hér á eftir verða rakin.

Stefndandi og stefndi Jónatan búa í óvígðri sambúð og eru sameigendur bifreiðarinnar G-16969 að jöfnu. Bifreiðin er fólksbifreið af gerðinni Honda.

Að kvöldi 26. desember 1983 voru þau á leiðinni frá Keflavík til Hafnarfjarðar á bifreið sinni. Á þjóðveginum á móts við jörðina Lónakot lenti bifreiðin í árekstri við tvær bifreiðar sem komu úr gagnstæðri átt og síðan út af veginum sjávarmegin.

Stefndi Jónatan skýrði svo frá fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu að talsvert rok hefði verið en engin hálka á veginum þegar þau lögðu af stað úr Keflavík. Jónatan kvaðst hafa ekið á 60 km hraða miðað við klukkustund. Skammt norðan Hvassahrauns hafi hálka verið á veginum og þegar þau voru stödd rétt sunnan Lónakots hafi hann tekið eftir því að bifreiðin hallaðist að framan. Þá hafi hann haft á orði við sambýliskonu sína hvort sprungið gæti verið á framhjólbarða. Bifreiðin hafi tekið að rása og hann þá sleppt bensingjöfinni og stigið á hemla, en

sennilega aðeins of fast því að bifreiðin hafi byrjað að renna til á milli akreina. Þá hafi hann séð bifreiðina Ö-4345 koma á móti sér og hafi henni verið ekið vel út í vegkantinn vinstra megin miðað við akstursstefnu sína. Jónatan sagði bifreið sína hafa lent á bifreiðinni Ö-4345, en eftir það muni hann lítið eftir sér fyrir en á slysadeild Borgarspítalans.

Áður en bifreiðin G-16969 hafnaði utan vegar lenti hún einnig í árekstri við bifreiðina R-45896.

Slys þetta var tilkynnt lögreglunni í Hafnarfirði kl. 22:08. Lögreglumenn þaðan fóru á vettvang og lýsa aðstæðum þannig að myrkt hafi verið og skýjað, ísing og hálka hafi verið á steiptum veginum. Bifreiðin Ö-4345 hafi verið syðst bifreiðanna þriggja og staðið utan vegar austan megin. Bifreiðin R-45896 hafi verið á miðjum veginum nokkru norðar. Bifreiðin G-16969 hafi verið nyrst utan vegar, vestan megin eins og fyrir segir.

Í skýrslu sem tekin var af öikumanni bifreiðarinnar Ö-4345, Ólafi Þorkeli Pálssyni, á vettvangi kemur fram að hann telur bifreiðina G-16969 hafa komið á móti sér á talsverðri ferð. Hún hafi dansað til á veginum á milli kanta hans. Ólafur Þorkell kvaðst hafa dregið úr ferð og ekið vel út á malarkantinn á hægri vegarbrún. Það hafi ekki dugað til, bifreiðin G-16969 hafi komið á vinstri hlið bifreiðar sinnar sem við það hafi snúist og farið aftur á bak út af veginum austan megin.

Í skýrslu sem tekin var af öikumanni bifreiðarinnar R-45896, Halldóri Halldórssyni, á vettvangi kemur fram að hann hafi ekið suður Reykjanesbraut næst á eftir bifreiðinni Ö-4345 og hafi verið um 15 - 20 metrar á milli bifreiðanna. Halldór kvaðst hafa séð bifreiðina G-16969 lenda á bifreiðinni Ö-4345 og þá hafi þær bifreiðar verið frekar utarlega á hægri vegarhelmingi miðað við akstursteffnu sína. Síðan hafi bifreiðin G-16969 komið á mikilli ferð og lent framan á bifreið sinni með miklu höggi og síðan kastast út af veginum.

Í skýrslu sem Halldór gaf fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði daginn eftir slysið kvaðst hann ekki hafa orðið var við neina hálku á veginum.

Hafsteinn Gunnar Karlsson, Hólabraut 15, Hafnarfirði varð vitni að umferðarslysi þessu og gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu 3. jan. 1984. Hann kvaðst hafa verið að koma frá Keflavík og ekið á um 60 km hraða miðað við klukkustund. Fram úr sér hafi verið ekið bifreiðinni G-16969 og hafi ökumaðurinn misst vald á bifreiðinni við það. Bifreiðin hafi fyrst farið út í hægri vegarkantinn og síðan runnið inn að miðju vegarins. Þá hafi sér virst að ökumaðurinn væri að ná valdi á bifreiðinni. Beygja hafi komið til hægri á veginum en bifreiðin hafi haldið áfram yfir á vinstri akreinina. Þá hafi árekstrarnir orðið sem lýst er hér að framan.

Stefnandi gaf skýrslu fyrir rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði og Kjósarsýslu 30. desember 1983.

Hún kvað nokkra háliku hafa verið. Þegar þau voru stödd rétt sunnan við Lónakot hafi Jónatan spurt sig að því hvort sprungið gæti verið á framdekki og taldi hún að svo hefði verið. Stuttu áður hefði sprungið á vinstra framdekki og þau hafi orðið að setja sumardekk undir. Stefnandi taldi að það dekk hefði sprungið. Stefnandi kvað Jónatan hafa stigið á hemlana og þá hefði bifreiðin byrjað að rása á milli akreina. Síðan hafi bifreiðin lent á bifreiðinni Ö-4345 og við það hafi hún rotast. Stefnandi taldi að ökuhraði bifreiðarinnar G-16969 hefði verið 50 - 60 km miðað við klukku-stund.

Engilbert Valdimarsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðina G-16969 á vettvangi sama dag og slysið varð. Hann segir í skýrslu sinni að bifreiðin hafi ekki verið í ökuhæfu ástandi. Ekki hafi verið hægt að athuga öryggistæki þar sem bifreiðin hafi verið slitin í sundur. Bifreiðin hafi verið á snjódekkjum á þremur hjólum, en á vinstra framhjólí hafi verið radíalhjólbarði. Eftirlitsmaðurinn getur ekki um það hvort sprungið hafi verið á einhverju hjóli eða ekki.

II.

Málsástæður og lagarök.

Af hálfu stefnanda er á það bent að engar sérstakar skýringar hafi komið fram á því hvers vegna framangreint umferðarslys hafi orðið. Hins vegar byggir stefnandi á því að stefndi Jónatan eigi alla sök á slysinu með gálausum akstri. Jónatan hafi fatast stjórn tök á bifreiðinni á beinum, breiðum og hindrunarlausum vegi, án þess að nokkru utanaðkomandi verði um kennt. Þá kröfu verði að gera til ökumanna að þeir geti haldið bifreið á vegi undir slíkum kringumstæðum. Geti þeir það ekki sé við þá eina að sakast og beri þeir því ábyrgð á tjóni sem af akstrinum kunni að leiða.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt sem ósönnuðu af hálfu stefndu að sprungið hafi á framhjólbarða bifreiðarinnar og það sé orsök slyssins. Ekki skipti máli þótt stefnandi og stefndi Jónatan hafi verið með getgátur um það að sprungið hafi. Bollaleggingar stefnanda um þetta verði á engan hátt metnar sem bindandi yfirlýsing.

Ekkert komi fram í skoðunargerð bifreiðaeftirlitsmanns um að sprungið hafi á bifreiðinni.

Þótt talið yrði að sprungið hefði skipti það ekki máli því að ökumaður eigi að búa yfir þeirri ökuhæfni að hann missi ekki bifreið út af vegi þótt slíkt gerist.

Þótt dekkjabúnaður bifreiðarinnar hafi e.t.v. ekki verið upp á það besta sé ósannað að hann hafi nokkurn þátt átt í slysinu.

Sökin á slysinu sé því stefnda Jónatans og samkvæmt almennum skaðabótareglunni, sbr. og 3. mgr. 69. gr. umferðarlaga, beri hann fébótaábyrgð á tjóni stefnanda.

Hin lögboðna ábyrgðartrygging bifreiðarinnar G-16969 sem tekin hafi verið hjá stefnda Samvinnutryggingum g.t. taki til allrar skaðabótakröfu stefnanda á hendur stefnda Jónatan samkvæmt orðum og efni 4. mgr. 70. gr. umferðarlaga.

Verði maður fyrir tjóni sem stafi af bifreið sem hann er farþegi í byggist bótaréttur hans á sök ökumanns bifreiðarinnar. Þá skipti ekki máli að farþeginn sé eigandi bifreiðarinnar. Með ábyrgðartryggingunni sé honum tryggt greiðsla bóta. Skýring á 4. mgr. 70. gr. sem leiði til gagnstæðrar niðurstöðu sé ekki heimil samkvæmt efni og orðalagi greinarinnar og eigi sér ekki neina stöð í lögskýringargögnum.

Verði ekki á framangreindar röksemdir fallist eigi stefnandi samt rétt á því að fá hálf tón sitt bætt. Réttur þessi byggist á bindandi, skriflegri yfirlýsingu starfsmanns stefnda Samvinnutrygginga g.t., en í kvittun fyrir greitt fatnaðartjón stefnanda sem dags. sé 20. janúar 1984 segi að stefnandi njóti bótaréttar að hálfu vegna slyssins.

Af hálfu stefndu er því haldið fram að stefnandi eigi ekki bótarétt að lögum vegna slyssins gagnvart stefnda Samvinnutryggingum g.t. þar sem hún sé skráður eigandi bifreiðarinnar G-16969. Stefnandi beri sem eigandi ábyrgð á bifreiðinni samkvæmt 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga og sé fébótaskyld samkvæmt 67. gr. laganna og einnig samkvæmt 68. gr. eins og 1. mgr. 69. gr. hafi verið túlkuð. Ekki skipti máli að stefnandi sé sameigandi bifreiðarinnar með stefnda Jónatan. Ábyrgð sameigendanna sé solidarisk og ekki sé hægt að ætla að á milli þeirra geti verið einhver pro rata réttur um eigið tjón.

Tilgangurinn með ábyrgðartryggingu sé að gera ábyrgð bifreiðareigenda sem virkasta og vernda þá sem stafi hætta af bifreiðum, hætta sem þeir geti ekki sjálfir komið í veg fyrir. Farþegi sem taki sér far með bifreið án þess að greiða gjald fyrir sé ekki verndaður af ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar, nema á grundvelli bótaábyrgðar hins skráða eða skráningarskyldna eiganda bifreiðarinnar. Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 28. apríl 1939 og skýringum fræðimanna á 4. mgr. 70. gr. umferðarlaganna njóti eigandi sem sé farþegi í eigin bifreið hins vegar ekki verndar ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar, enda fari ekki saman að bera ábyrgð á bifreið og fá bætur greiddar úr ábyrgðartryggingu sömu bifreiðar.

Verði ekki á framangreinda sýknuástæðu fallist sé sýknukrafan enn fremur byggð á því að slysið verði ekki rakið til gálauss aksturs stefnda Jónatans og eigi hann því ekki sök á tjóni stefnanda. Orsökina sé annaðhvort sú að sprungið hafi á öðrum framhjólbarða bifreiðarinnar eða hún hafi verið vanbúin með tilliti til akstursskilyrða.

Í skýrslu stefnanda fyrir lögreglu komi fram að hún telji að sprungið hafi á framhjóli bifreiðarinnar. Stefnandi hafi tjáð sig um þetta með þeim hætti að meta verði sem hverja aðra yfirlýsingu aðila dómsmáls. Hafi stefnandi ekki þannig gefið skuldbindandi yfirlýsingu hafi hún þó tjáð sig með afgerandi hætti.

Farþegi sem ekki sé fluttur gegn gjaldi eigi ekki bótarétt nema sönnuð sé sök ökumanns bifreiðarinnar á tjóni farþegans. Ef hjólbarði springi á bifreið með þeim afleiðingum að bifreiðin valdi tjóni sé ekki um að ræða sök ökumanns. Sök sé ekki sönnuð nema slys verði rakið til einhvers sérstaks sem úrskæðis hafi farið hjá ökumanni. Ekki hafi verið leitt í ljós í þessu máli að stefndi Jónatan eigi nokkra sök á því hvernig fór.

Allra veðra sé von í desember og Reykjanesbraut geti verið hættuleg yfirferðar eins og dæmi sanni. Hálka og ísing hafi verið á brautinni þegar slysið varð. Bifreiðin G-16969 hafi verið vanbúin til aksturs eins og aðstæður hafi verið. Ónegldir snjóhólbarðar hafi verið á þremur hjólum, sumarhólbarði á einu.

Eigandi bifreiðar, stefnandi í þessu tilviki, beri ábyrgð á búnaði bifreiðarinnar og á því tjóni sem verði vegna vanbúnaðarins.

Stefndi, Samvinnutryggingar g.t., hafi ekki gefið neina bindandi yfirlýsingu um að tjón stefnanda bæri að bæta að hálfu. Það hafi verið mistök að í þessa veru hafi verið ritað á kvittun 20. janúar 1984. Sú kvittun hafi aðeins verið fyrir greiðslu á útlögðum kostnaði stefnanda.

III.

Niðurstaða dómsins.

Stefnandi og stefndi Jónatan voru skráðir sameigendur bifreiðarinnar G-16969 og höfðu keypt saman lögboðna ábyrgðartryggingu samkvæmt 1. mgr. 70. gr. umferðarlaganna. Þau voru því bæði váttryggð sem váttryggingartakar samkvæmt 4. mgr. 70. gr., þ.e. ábyrgðartryggingin átti að tryggja greiðslu á hverri þeirri bótakröfu sem á þau kynni að falla vegna ábyrgðar þeirra á tjóni samkvæmt umferðarlögum eða almennum skaðabótareglum.

Enda þótt hér hagi svo til að stefnandi sé annar af tveimur váttryggðum samkvæmt ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar verður ekki litið svo á að það svipti hana þeirri vernd sem ábyrgðartryggingin veitir tjónþola þar sem af tryggingunni ber að bæta það tjón sem hinn váttryggði stefndi Jónatan ber ábyrgð á samkvæmt umferðarlögum og almennum skaðabótareglum.

Stefndi Samvinnutryggingar g.t. verður því ekki sýknaður af þeim sökum að samkvæmt 4. mgr. 70. gr. umferðarlaganna beri ekki að bæta stefnanda tjón hennar úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar.

Af hálfu stefnanda er því sérstaklega mótmælt sem ósönnuðu að orsakir

slyssins sem stefnandi varð fyrir verði raktar til þess að sprungið hafi á framhjóli bifreiðarinnar eða til vanbúnaðar hennar. Á það verður að fallast þótt bæði stefnandi og stefndi Jónatan hafi lýst þeim grun sínum að sprungið hafi á öðru framhjóli bifreiðarinnar.

Að framan eru raktar þær upplýsingar sem fyrir liggja í málinu um það hvernig stefndi Jónatan hagaði akstri sínum þegar slysið varð og hverjar aðstæður voru. Af þessum upplýsingum verður ekki ráðið að stefndi Jónatan hafi við aksturinn beitt aðferðum sem taldar verði gálaus hegðun í þeim skilningi sem lagður er til grundvallar í skaðabótarétti, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna.

Ekki er hægt að fallast á þá röksemd stefnanda að það eitt að geta ekki haldið bifreið í akstri á greiðfærum vegi teljist gáleysi ökumanns án tillits til þess hvort slíkt verði rakið til sérstakra atvika eða ekki.

Orsök slyssins sem stefnandi varð fyrir þykir því ekki verða rakin til atvika sem leiði til þess að stefndi Jónatan sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda, sbr. 3. mgr. 69. gr. umferðarlaganna.

Gegn mótmælum er ekki hægt að fallast á að stefndi Samvinnutryggingar hafi gefið bindandi yfirlýsingu um það að stefnandi eigi rétt á að fá hálf tjón sitt bætt úr hans hendi.

Samkvæmt því og framangreindri niðurstöðu um skaðabótaskyldu stefnda Jónatans verður ekki talið að stefndi Samvinnutryggingar g.t. sé skaðabótaskyldur gagnvart stefnanda.

Niðurstaða dómsins er því sú að ekki er viðurkennd krafa stefnanda um að stefndu beri in solidum að bæta henni allt tjón og miska sem hún varð fyrir í umferðarslysinu 26. desember 1983.

Rétt þykir að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri þessa þáttar málsins. Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Ekki er viðurkennd skylda stefndu, Samvinnutrygginga g.t. og Jónatans Jónatanssonar, til þess að bæta in solidum stefnanda, Kristveigu Ósk Jónsdóttur, tjón og miska er hún varð fyrir í umferðarslysi 26. desember 1983. Málskostnaður fellur niður.